

Vesturbyggð leggur fram þá tillögu að 4. gr. samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 3. október 2015 breytist sem hér segir:

Tillaga Vesturbyggðar að 4. gr. verði:

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungspingi og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungspingi og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1500 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1500 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungspingi.

Núgildandi ákvæði:

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungspingi og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungspingi og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungspingi.

Greinargerð.

Íbúum Vesturbyggðar hefur fjölgað mjög á undangengnum misserum og árum og voru þeir*:

Í janúar 2011	890 íbúar.
Í janúar 2012	910 íbúar.
Í janúar 2013	941 íbúar.
Í janúar 2014	949 íbúar.
Í janúar 2015	1002 íbúar.
Í janúar 2016	1013 íbúar.
Í ágúst 2016	1038 íbúar.

*Heimild: Hagstofa Íslands.

Frá og með árinu 2015 hefur íbúatala sveitarfélagsins verið yfir 1000 og þar með hefur vægi eða vogtala Vesturbyggðar á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga verið þriðjungi lægri í atkvæðum talið en áður. Þetta teljum við kjörnir fulltrúar Vesturbyggðar að sé óeðlilegt.

Benda má á að næstfjölmennasta sveitarfélagið, Bolungarvíkurkaupstaður, er með mun fleiri atkvæði á bak við fulltrúa sína á þingum FV en Vesturbyggð þrátt fyrir að íbúatalan er lægri.

Vesturbyggð er því sett skör lægra en önnur sveitarfélög á Vestfjörðum, en ber samt sem áður að taka þátt í rekstri Fjórðungssambandsins sem nemur íbúafjölda sveitarfélagsins.

Pennan lýðræðishalla ber að leiðrétta!

Vesturbyggð, 25. ágúst 2016.

Friðbjörg Matthíasdóttir, forseti bæjarstjórnar.

Ásgeir Sveinsson, formaður bæjarráðs.

Magnús Jónsson, bæjarfulltrúi.

Ása Dóra Finnbogadóttir, bæjarfulltrúi.

Gísli Ægir Áústsson, bæjarfulltrúi.

Halldór Traustason, bæjarfulltrúi.

Nanna Áslaug Jónsdóttir, bæjarfulltrúi.